



<b>Viðtakandi</b>	Umhverfis- og samgöngunefnd	<b>Dagsetning</b>	19. mars 2024
<b>Sendandi</b>	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	<b>Málsnúmer</b>	URN24030169
		<b>Tilgangur</b>	Til upplýsingar

## Upplýsingabeidni umhverfis- og samgöngunefndar vegna frumvarps til laga um Náttúrufræðistofnun og frumvarps til laga um Umhverfis- og orkustofnun

Vísað er til spurninga umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 15. mars sl. vegna frumvarps til laga um Náttúrufræðistofnun og frumvarps til laga um Umhverfis- og orkustofnun sem eru til umfjöllunar í nefndinni. Eftirfarandi eru svör umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins við tilgreindum spurningum, en þær vörðuðu einnig lög um Land og skóg, nr. 66/2023:

- 1) Hvort að við smíði þessara þriggja frumvarpa hafi verið gætt að samræmi hvað varðar réttarstöðu starfsfólks?

Við vinnslu frumvarpa ráðuneytisins var fyrst og fremst litið til leiðbeininga fjármála- og efnahagsráðuneytisins „Sameining ríkisstofnana og tengdar breytingar“, útg. 2008 (sjá einnig ábendingar ráðuneytisins frá 19. janúar sl. vegna Náttúrufræðistofnunarfrumvarps). Einnig var leitað ráðlegginga Kjara- og mannauðssýslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Við vinnslu þeirra frumvarpa sem lúta að stofnanabreytingum var gætt samræmis þar sem litið var í öllum tilvikum til áunninna réttinda starfsmanna. Við þessa vinnu var litið til ýmissa fordæma í lögum, þ.á m. í lögum um Land og skóg. Tekið skal fram að landgræðsla og skógrækt heyrir ekki undir ábyrgðarsvið umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.

- 2) Hvort að gert sé ráð fyrir að gildistaka nýs stofnanasamnings nýrrar stofnunar miði við gildistöku laga um stofnunina?

Sameining stofnana kallar á breytingar/endurskoðun á stofnanasamningum. Formlegan viðsemjanda vantar þar til ný stofnun tekur til starfa en lagt er upp með að samningar verði undirbúnir tímanlega og gengið frá þeim eftir að sameinuð stofnun hefur verið stofnuð. Í frumvarpi um Umhverfis- og orkustofnun er gert ráð fyrir heimild fyrir ráðherra til að ráða forstjóra eftir samþykkt laganna til að undirbúa gildistöku þeirra, þ.á m. til að semja um nýjan stofnanasamning og undirbúa ýmislegt sem snýr t.d. að stjórnskipulagi, mannauðsmálum og fjármálum. Unnið er að því í ráðuneytinu að undirbúa þá vinnu sem er framundan verði frumvörp vegna stofnanabreytinga samþykkt.

- 3) Í 585. máli er kveðið á um forgang til starfa, ólíkt því sem segir í hinum tveimur málunum sem vísað er til. Hver er ástæðan?

Frumvarp um Náttúrufræðistofnun gerir ráð fyrir að tvær stofnanir af þremur verði lagðar niður og renni inn í þriðju stofnunina (Náttúrufræðistofnun Íslands). Eftir greiningu mannauðshóps ráðuneytisins og stofnana á samsetningu og launasetningu starfsfólks var talinn vera fyrir hendi grundvöllur til að Náttúrufræðistofnun tæki við starfsfólki þeirra stofnana sem væru lagðar niður með þeim ráðningarsamningum sem væru í gildi. Um er að ræða svokallaða leið 3 skv. leiðbeiningum fjármála- og efnahagsráðuneytis.



Leið 3 var hins vegar ekki talin hentug við gerð frumvarps til laga um Umhverfis- og orkustofnun í ljósi þess að um flóknari starfsemi og samsetningu starfa var að ræða skv. greiningu mannauðshóps heldur en í tilviki frumvarps til laga um Náttúrufræðistofnun. Að taka við starfsfólki stofnana á grundvelli gildandi ráðningarsamninga leiðir til þess að svigrúm er minna til að gera breytingar á skipulagi starfsemi stofnunar, störfum, verklagi, hefðum og starfsanda. Rétt þótti að við móttöku nýrrar Umhverfis- og orkustofnunar hefði nýr forstjóri gott svigrúm til að móta skipurit hennar og samsetningu starfa auk þess sem hafa þurft í huga kröfur um jafnlaunavottun. Því þótti rétt að fara leið 2 þar sem störf viðkomandi stofnana eru lögð niður og búin til störf hjá nýrri stofnun eða þeirri sem fyrir er. Starfsmönnum er þá tryggður forgangur að nýjum störfum.

#### 4) Hvað áhrif hefur þetta á rétt starfsfólks til biðlauna?

Um biðlaunarétt segir í framangreindum leiðbeiningum fjármála- og efnahagsráðuneytisins: „Um rétt embættismanna til biðlauna fer eftir 34. gr. starfsmannalaga, en aðrir starfsmenn eiga ekki biðlaunarétt nema 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis laganna taki til þeirra. Bráðabirgðaákvæðið tekur til starfsmanna sem hafa starfað óslitið í þjónustu ríkisins frá því fyrir gildistöku starfsmannalaga þann 1. júlí 1996 og féllu undir gildissvið eldri starfsmannalaga, nr. 38/1954. Rétturinn er ýmist 6 eða 12 mánuðir eftir starfsaldri. Verði hins vegar rof á ráðningu hjá ríkinu sem nemur mánuði eða meira fellur rétturinn niður. Þá er gerð krafa um að hið niðurlagða starf sé fast starf í skilningi 14. gr. eldri starfsmannalaga. Biðlaunaréttur á ekki við ef viðkomandi hafnar sambærilegu starfi.“

Hvað varðar frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun þá hefur það ekki áhrif á biðlaunarétt þar sem ráðningarsamband við starfsmenn heldur óslitið áfram í nýrri stofnun. Í frumvarpi til laga um Umhverfis- og orkustofnun er gert ráð fyrir að starfsmönnum verði sagt upp hjá þeirri stofnun sem verður lögð niður og samstundis boðið starf hjá nýrri stofnun ef starf sem samræmist hæfni viðkomandi verður í boði þegar ný stofnun tekur til starfa. Því er ekki hætt við að rof verði á ráðningu sem nemur mánuði eða meira. Biðlaunaréttur getur átt við ef viðkomandi er boðið starf sem er ekki sambærilegt fyrra starfi. Frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun hefur ekki áhrif á biðlaunarétt starfsmanna.